

stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Mikið annríki við önnur störf við borgardómara-embættið hefur valdið nokkrum drætti á uppsögu dómsins.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ingimundarson, greiði stefnanda, Edvald B. Malmquist, kr. 7.500.00, með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1963.

Nr. 35/1963. **Ingi Úlfars Magnússon og Jóhanna Stefánsdóttir** (Haukur Jónsson hrl.)
gegn
Þvottahúsinu Ægi h/f og Georg Þorkelssyni
(enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Dómi og fjárnámsgerðum áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Viggó Tryggvason, fulltrúi borgarfégeta, hefur framkvæmt hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerðir verði staðfest og stefndu dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Stefndu hafa eigi sótt dómping í Hæstrétti, og er þeim þó löglega stefnt. Málið hefur verið flutt skriflega fyrir

dóminum samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 57/1962 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjenda, ber að taka þær til greina.

Stefndu höfðu áfrýjað greindum dómsathöfnum með stefnu 1. febrúar þ. á., en ekki framfylgt þeirri stefnu. Hafa þeir með þessum hætti gefið áfrýjendum ástæðu til málskotsins, og verður því að dæma stefndu til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerðir eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Þvottahúsið Ægir h/f og Georg Þorkelsson, greiði áfrýjendum, Inga Úlfars Magnússyni og Jóhönnu Stefánsdóttur, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júlí 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. júní s.l., hafa Ingi Úlfars Magnússon og Jóhanna Stefánsdóttir, Bárugötu 15, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 29/5 og 5/6 1962, gegn Þvottahúsinu Ægi h.f. og Georg Þorkelssyni, Árbæjarbletti 74, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 62.601.00 auk 8% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefnendur kveða málavexti vera þessa: Með samningi, dags. 1. janúar 1962, tók Þvottahúsið Ægir h.f. á leigu húsnæði í kjallara hússins nr. 15 við Bárugötu í Reykjavík til rekstrar á þvottahúsi. Leigusamningur þessi var endurnýjaður árið 1954 og aftur 31. desember 1960. Í síðasta sinnið var hann endurnýjaður til eins árs og lauk því 31. desember 1961. Stefnendur voru þá leigusalar, en stefndi Georg Þorkelsson undirritaði samninginn f. h. Þvottahússins Ægis. Einnig gaf hann yfirlýsingu um, að hann tæki að sér allar skuldbindingar samningsins um endurbætur á húsnæðinu.

Í hinum upphaflega húsaleigusamningi var svo ákveðið, að

leigutaki skilaði húsnæðinu að leigutíma loknum í því ástandi, sem það var, er leigan hófst 1. janúar 1942. Þetta ákvæði hefur verið látið haldast í þeim leigusamningum, sem síðan hafa verið gerðir um húsnæði þetta milli aðiljanna. Einnig var svo ákveðið, að leigutaki gerði endurbætur þessar á húsnæðinu, áður en hann flytti úr því.

Leigutaki, Þvottahúsið Ægir h.f., flutti úr framangreindu húsnæði í janúarmánuði 1962. Ekki hafði þá verið gert við það að neinu leyti.

Hinn 8. janúar 1962 báðu stefnendur um útnefningu matsmanna til að meta til peninga endurbætur þær, sem leigutaka bæri að gera á húsnæðinu. Til að framkvæma matið, voru dómkvaddir þeir Einar B. Kristjánsson húsasmíðameistari og Einar Sveinsson múrarameistari. Matsgerð þeirra er dagsett 25. janúar 1962 og er niðurstaða hennar sú, að kostnaður við viðgerðir til að koma húsnæðinu í sama ástand og það var, er leigan hófst 1. janúar 1942, sé kr. 26.800.00.

Stefnendur kveða stefnukröfuna vera þannig sundurliðaða: Viðgerðarkostnaður samkvæmt mati kr. 26.800.00, útnefning matsmanna og kostnaður við matið, greiddur þeim, kr. 2.653.50, ógreiddur aukavatnsskattur lagður á húsið nr. 15 við Báragötu vegna rekstrar þvottahússins þar árið 1961, kr. 7.685.00, hitakostnaður fyrir janúar 1962 samkvæmt reikningi, kr. 180.00, húsaleiga fyrir janúar 1962 að viðbættri húsaleiguvísitölu, kr. 5.032.50.

Í lok janúarmánaðar tóku stefnendur afnot af þvottahúsi hússins, sem fylgdi í leigunni. Kveða þeir, að ekki sé ætlandi, að viðgerð hússins ljúki fyrr en í fyrsta lagi 15. júní 1962, og telja stefnendur það vera í leigu hjá leigutaka fram til þess tíma, enda hafi leigutaki ekki skilað lyklum enn (þ. e. 29. maí 1962, á útgáfudegi stefnu).

Vegna þess að stefnendur hafa nú afnot þvottahússins, telja þeir rétt að lækka leiguna sem svarar stærð þess miðað við allt húsnæðið, sem í leigu var, og telst til, að sú lækkun nemi kr. 532.50. Leiga, sem þá ber að reikna leigutaka fyrir mánuðina febrúar, marz, apríl, maí og hálfan júní 1962, er kr. 4.500.00 á mánuði, þannig að ógreidd húsaleiga verður kr. 20.250.00. Fjárhæðir þessar eru samtals kr. 62.601.00.

Stefnendur hafa áskilið sér rétt til að lækka kröfuliðinn um viðgerð húsnæðisins, ef kostnaður við viðgerðina verður lægri en matsgerðin gerir ráð fyrir. Þá er og áskilinn réttur til hækk-

unar á húsaleigukröfu, verði viðgerð ekki lokið fyrir 15. júní 1962.

Stefnendur kveða stefnda Georg Þorkelsson hvorki hafa fengið til að gera við umrætt húsnæði á þann veg, að stefnendur gætu sætt sig við, né heldur ennþá til að skila lyklunum að því, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Þá taka stefnendur einnig fram, að vegna áritunar Georgs Þorkelssonar á leigusamning um húsnæðið, skuldbindingar hans um viðgerðir, þar sem því sé jafnframt lýst yfir, að hann sé einn eigandi Þvottahússins Ægis h.f., sé honum stefnt persónulega in solidum með hlutafélaginu, sem þrátt fyrir þetta sé leigutaki að húsnæðinu, enda sé hlutafélagið ekki laust úr ábyrgð samkvæmt samningnum gagnvart stefnendum.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt.

Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnenda, verða þær teknar til greina, þó þannig, að frá stefnukröfunni dregst matskostnaður, sem tekinn verður til greina við ákvörðun málskostnaðar, þannig að stefnukrafan sjálf lækkar í kr. 59.947.50.

Málskostnaður ákveðst kr. 10.000.00, þar með talinn kostnaður vegna matsgjörðar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Mikið annríki við önnur störf við borgardómaraembættið hafa valdið nokkrum drætti á uppsögu dómsins.

Dómsorð:

Stefndu, Þvottahúsið Ægir h.f. og Georg Þorkelsson, greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, stefnendum Inga Úlfars Magnússyni og Jóhönnu Stefánsdóttur. kr. 59.947.50, með 8% ársvöxtum frá 29. maí 1962 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámngerð fógetadóms Reykjavíkur 10. september 1962.

„— — — fógetaréttur Reykjavíkur settur að Ægisgötu 10“
— — — — —

Fyrir var tekið Málið — — — Ingi Úlfars Magnússon o. fl. gegn Þvottahúsinu Ægi h.f.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 434/1962, svohljóðandi: — — —

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Haukur Jónsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 59.947.50 með 8% ársvöxtum frá 29. maí 1962 til greiðsludags. $\frac{1}{3}\%$ í þóknun kr. — — í banka-, stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 10.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, — allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli — — starfar hér — — — —, fyrir hann mætir Georg Þorkelsson, sem — starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola — — — 2 þvottavélum og 1 þvottavindu, öllum rafknúnum, ásamt tilheyrandi.

Fallið frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

— — — —.“

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1962.

„— — — — fógetaréttur Reykjavíkur settur að Ægisgötu 10“
— — — —.

Fyrir var tekið: Að taka upp aftur og halda áfram málinu: — — —: Ingi Ú. Magnússon gegn Þvottahúsinu Ægi, sem tekið var fyrir 10.9 1962.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, — — —

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Haukur Jónsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 59.947.50 með 8% ársvöxtum frá 29.5. '62 til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð — — — —, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst endurupptöku til nánari lýsingar hins áður fjárnumda og frekari tryggingar skuldarinnar.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni Árbæjarbletti 74 við Suðurlandsbraut, 2 skyrtupressum (Mathiesen), 2 þvottavélum (Mathiesen og Tullies), rullu (Tullies), vindu og 3 strauboltum.

Munirnir eru allir rafknúnir. Ennfremur í nafnrétti fyrir-
tækisins.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

— — — —“

Miðvikudaginn 8. maí 1963.

Nr. 129/1962. **Kaupfélag Skagfirðinga**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

bæjarstjóranum á Sauðárkróki

f. h. bæjarsjóðs (Guttormur Erlendsson hrl.)

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Einar Arnalds
yfirlögreglismari.

Ömerking dóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1962. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 360.672.00 með 9% ársvöxtum af kr. 71.689.00 frá 10. febrúar 1960 til 15. október s. á. og af kr. 157.672.00 frá 15. október 1960 til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 28. desember 1960 til 3. október 1961 og af kr. 360.672.00 frá 3. október 1961 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Meðal málsástæðna, sem áfrýjandi hafði uppi í héraði til rökstuðnings kröfum sínum á hendur stefnda, voru þær, að eignarútsvar hafði ólöglega verið lagt á áfrýjanda, m. a. vegna þess að slíkt útsvar yrði eigi lagt á samvinnufélag, svo og að þess hefði eigi verið gætt við álagningu tekjuútsvars á áfrýjanda, að einungis mætti miða við tekjur af